

## Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuvoll, Hvolsvelli

Niðurstöður úttektar á  
hjúkrunarheimilinu í ágúst 2012

September 2012

## Inngangur

Samkvæmt lögum nr. 41/2007 hefur Embætti landlæknis faglegt eftirlit með starfsemi heilbrigðisstofnana og starfi heilbrigðisstétta. Jafnframt er landlæknir ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar varðandi heilbrigðismál. Undir eftirlit Landlæknis heyra rúmlega tvö þúsund rekstrareiningar.

Embætti landlæknis notar margvíslegar leiðir til að sinna þessum lagaákvæðum og styðst m.a. við gæðaviðmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Með eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

## Aðferðir

Í ágúst 2012 gerði Embætti landlæknis úttekt á hjúkrunarheimilinu Kirkjuvoli á Hvolsvelli. Fyrir úttektina var leitað eftir ákveðnum upplýsingum frá framkvæmdastjórn heimilisins um þætti er varða þjónustu, húsnaði og aðbúnað, mannauðsmál, gæðamál, lyfjamál, skráningu, atvik og öryggismál. Spurningalisti var í því skyni sendur á Kirkjuvoll og bærust svör við þeim spurningum um miðjan ágúst síðastliðinn. Athugað var hvort kvartanir hefðu borist embættinu varðandi þjónustu heimilisins á síðastliðnu ári en svo reyndist ekki vera. Þá voru niðurstöður úr RAI mati skoðaðar.

Fulltrúar Embættis landlæknis, Anna Björg Aradóttir sviðsstjóri, Laura Sch. Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri og Sigríður Egilsdóttir hjúkrunarfræðingur/verkefnisstjóri fóru í úttektarheimsókn þann 29. ágúst 2012. Fundað var með með Ólöfu Guðbjörgu Eggertsdóttir hjúkrunarforstjóra, Sólveigu Unni Eysteinsdóttur hjúkrunarfræðingi og gæðastjóra og Sólveigu Þórhallsdóttur deildarstjóra og farið yfir ýmis gögn sem tengdust úttektinni.

## Meginniðurstöður

### Notendamiðuð þjónusta - hugmyndafræði og stefna

Markmið hjúkrunar á Kirkjuhovoli miða að því að veita bestu líkamlegu, andlegu og félagslegu þjónustu sem völ er á hverju sinni. Unnið er eftir þeirri hugmyndafræði að Kirkjuhovoll sé heimili þeirra sem þar dvelja og haft að leiðarljósi að sérhverjum heimilismanni sé gert kleift eftir fremsta megni að halda virðingu sinni, reisn og sjálfsákvörðunarrétti. Undanfarin ár hefur Kirkjuhovoll verið að fikra sig í áttina að Eden hugmyndafræði sem miðar meðal annars að því að einstaklingar haldi sjálfræði sínu og leitast er við að koma til móts við þarfir og langanir heimilismanna í daglegu lífi.

Við komu á heimilið fá nýir heimilismenn og/eða aðstandendur upplýsingar um helstu þætti er varða starfsemi og þjónustu heimilisins og fá afhentan upplýsingabækling um heimilið. Verið er að vinna að uppfærslu þessa bæklingis sem er frá 2007.

Ekki eru haldnir reglulegir fjölskyldufundir á Kirkjuhovoli heldur eftir þörfum hverju sinni. Leitast er við að hafa góð samskipti við aðstandendur og gott aðgengi er að hjúkrunarfræðingum og öðrum starfsmönnum heimilisins þar sem nálægð er meiri en gengur og gerist á stærri heimilum.

## Þjónustubættir

### Hjúkrun og umönnun

Heimilismönnum Kirkjuhovols er tryggð hjúkrunar- og umönnunarþjónusta allan sólarhringinn og er hjúkrunarfræðingur ábyrgur fyrir hverri vakt, ýmist á staðinni vakt eða bakvakt. Við komu á heimilið fer fram upplýsingasöfnun sem geymd er í sjúkraskrá viðkomandi. Allir heimilismenn hafa skilgreindan tengilið. Við hjúkrun heimilismanna sem þurfa á líknandi meðferð að halda er stuðst við leiðbeiningar um líknandi meðferð frá Landspítalanum.

### Læknisþjónusta

Læknir heilsugæslustöðvarinnar á Hvolsvelli er jafnframt læknir Kirkjuhvols og fylgist hann reglulega með heilsufari heimilismanna. Ekki er alltaf gerð sérstök læknisskoðun við komu á heimilið en fljótlega eftir komu á heimilið ræðir læknir við hinn nýja heimilismann. Meðferð á heimilinu er ákveðin af lækni í samráði við heimilismann og/eða aðstandendur. Heimilismenn fá aðstoð við að komast til tannlæknis og önnur sérfræðilæknisþjónusta er veitt eftir þörfum hverju sinni.

### Þjálfun, virkni og sálgæsla

Sjúkraþjálfari er í hálfu starfi við heimilið og skipuleggur hann þjálfun í samráði við hjúkrunarfræðinga og lækni heimilisins. Tvisvar í viku eru fastir leikfimitímar sem sjúkraþjálfari skipuleggur. Félagsliði sem starfar við heimilið heldur utan um félags- og tómstundastarf og er með skipulagt starf tvisvar í viku, þá sér sjúkraliði sem starfar við heimilið um handavinnu tvo daga í viku. Einu sinni á ári er farið í ferðalag með íbúa heimilisins og er sú ferð styrkt af Rauðakrossdeild Rangárvallasýslu. Þá er svokallaður aðstandendadagur árlegur viðburður heimilisins og er hann skipulagður af heimilisfólki, starfsfólki og aðstandendum.

Yfir vetrartímann er sóknarprestur með messur á heimilinu einu sinni til tvisvar í mánuði en helgihald er strjálle yfir sumarið. Prestur kemur ávallt á heimilið ef þess er óskað og kapella er í húsinu. Starfsfólk heimilisins reynir eftir bestu getu að hlúa að heimilismönnum og sinna sálgæslu á heimilinu.

### Fæði/mötuneyti

Á Kirkjuhvöli er starfandi matartæknir sem er yfirmaður í eldhúsi, hann skipuleggur matseld og sér um samsetningu matseðla. Allur matur er eldaður á staðnum og áhersla lögð á að heimilismenn og starfsfólk fái hollt fæði sem tekur mið af ráðleggingum Embættis landlæknis, heimilismenn sem á þurfa að halda fá sér fæði og sjúkrasér fæði. Aðstandendur hafa tök á að borða með heimilismanni ef þess er óskað; auk þess er í flestum íbúðum heimilismanna eldunaraðstaða þar sem aðstandendur geta eldað með sínu fólki eða komið með mat að heiman. Matseðlar eru útbúnir fyrirfram og hengdir upp á upplýsingatöflu á heimilinu.

## Önnur þjónusta

Heimilismenn Kirkjuhovolls hafa aðgang að hársnyrtingu og fót snyrtingu gegn greiðslu og kemur fagfólk á heimilið til að veita þessa þjónustu. Allur þvottur heimilisins er þveginn í þvottahúsinu á Rauðalæk og er fatnaður heimilismanna merktur sérstaklega.

## **Húsnæði og aðbúnaður**

Húsnæði Kirkjuhovolls er almennt í góðu standi og vel við haldið, húsgögn og innréttingar eru smekklegar. Alls eru 17 heimilismenn í hjúkrunarrýmum á Kirkjuhovoli sem búa í rúmgóðum einbýlum með einkasalerni og baðaðstöðu. Íbúar hafa góðar aðstæður til að hafa hjá sér persónulega muni og húsgögn og geta tekið á móti gestum í eigin vistarverum og í sameiginlegum rýmum heimilisins. Aðstaða utanhúss er mjög góð, skjólgóður garður sem er upplýstur þegar skyggja tekur, upphitaðir garðstígar og upphitað garðhýsi er í garðinum. Þá má nefna að á lóð heimilisins er lítið hæsnahús þar sem landnámsþætur búa í sátt og samlyndi við starfsfólk og heimilismenn.

Ávallt er tekið tillit til athugasemda frá Vinnueftirliti og Heilbrigðiseftirliti þegar þær hafa borist og reynt að finna lausnir miðað við aðstæður. Í síðustu heimsókn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands á Kirkjuhovoll voru gerðar athugasemdir við eldhús, innréttingar þar orðnar lúnar og aðstaðan of lítil miðað við umfang og eru þessar athugasemdir til skoðunar hjá stjórn heimilisins.

## **Mannauðsmál**

### Mönnun

Stöðugildi hjúkrunarfræðinga á Kirkjuhovoli er 3,1 (4 starfsmenn) þar með talinn hjúkrunarforstjóri og stöðugildi sjúkraliða er 4,8 (7 starfsmenn), einn félagsliði starfar við heimilið og sjúkrapjálfari í hálfu starfi. Allar morgunvaktir eru mannaðar hjúkrunarfræðingum ásamt sjúkraliðum og öðrum starfsmönnum, kvöldvaktir eru ýmist mannaðar hjúkrunarfræðingi eða sjúkraliða (þá hjúkrunarfræðingur á bakvakt) ásamt öðrum starfsmönnum. Á nóttunni er ávallt hjúkrunarfræðingur á bakvakt.

## Ráðningaferli/starfsleyfi

Starfsmenn sem hefja störf á Kirkjuhovoli þurfa að framvísa gildu starfsleyfi ef um löggilta heilbrigðisstétt er að ræða. Allir starfsmenn undirrita þagnarskylduheit um leið og þeir skrifa undir starfssamning.

Nýir starfsmenn fá einstaklingsmiðaða aðlögun eftir því um hvaða starf er að ræða og hver bakgrunnur viðkomandi er. Fyrstu 2 vikurnar er fólk í aðlögun með reyndum starfsmanni ef um umönnunarstarf er að ræða.

Árið 2011 var heildarstarfsmannavelta heimilisins 11.6% og heildartíðni veikinda starfsmanna 3.5%. Tæplega 8% stöðugilda eru mönnum starfsfólki sem er af erlendu bergi brotið, flest af því starfar við aðhlyningu og bæði talar og skilur íslensku vel. Allir erlendir starfsmenn eru sendir á íslenskunámskeið ef þurfa þykir.

Starfsfólki heimilisins er boðið upp á influensubólusetningu og það hvatt til að láta bólusetja sig.

## Gæðamál og ýmsir faglegir þættir

Hjúkrunarforstjóri Kirkjuhovols ber ásamt öðrum hjúkrunarfræðingum ábyrgð á RAI skráningu sem og annarri hjúkrunarskráningu og reglulega er fylgst með niðurstöðum úr RAI mati, svo sem gæðavísunum. Á Kirkjuhovoli er hjúkrunarfræðingur í 80% starfi sem jafnframt starfar sem gæðastjóri. Heimilið festi nýlega kaup á gæðahandbók frá Hrafnistu þar sem finna má verklagsreglur varðandi ýmsa þætti hjúkrunar, gæðamál, sýkingavarnir og vinnuleiðbeiningar. Góðar skriflegar verklýsingar fyrir hverja vakt fyrir hvern og einn heimilismann eru fyrir hendi. Skjalfest stefna varðandi gæði, starfsmannamál, lyfjamál og umhverfis- og öryggismál liggur ekki fyrir í heild sinni. En eins og fram kemur hér að framan styðst heimilið við gæðahandbók Hrafnistu og heimilið hefur sett sér ákveðin gildi varðandi virðingu, sjálfræði og vellíðan heimilismanna í heimilislegu umhverfi.

Verklagsreglur og fræðsluefni varðandi handþvott og aðrar sýkingavarnir eru til útprentaðar á hverri deild. Allar sýkingar sem eiga upptök sín á heimilinu eru skráðar.

## Lyfjamál

Lyf íbúa eru skömmtuð frá SA lyfjaskömmun og eru hjúkrunarfræðingar ábyrgir fyrir lyfjatiltekt og lyfjagjöfum og hafa þeir ásamt einum sjúkraliða með framhaldsmenntun aðgang að læstum lyfjaskáp. Lyfjagjafir eru skráðar á þar til gerð lyfjablöð sem geymd eru í sjúkraskrá heimilismanna. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyf sem gefin eru eftir þörfum eru skráð í sérstaka möppu og aldrei gefin án vitundar og samþykkis hjúkrunarfræðings. Lyfjanefnd er ekki við heimilið en lyfjafræðingur frá *Lyffum og heilsu* sér um þjónustu við Kirkjuhovoll og lyfjaþjónustu heimilisins er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar. Reynt er að fylgjast reglulega með lyfjagæðavísunum sem Embætti landlæknis hefur mælt með.

## Skráning

Í úttekt Embættis landlæknis voru sjúkra- og hjúkrunarskrár heimilisins valdar af handahófi og skoðaðar. Sjúkraskrár eru ekki á rafrænu formi og því ekki um kóðun að ræða. Læknisfræðileg skráning er á ábyrgð læknis heimilisins. Heimilismenn og/eða aðstandendur hafa aðgang að sjúkraskrár sem þess óskað.

Hjúkrunarskráning er á stöðluðum eyðublöðum sem geymd eru í möppu hvers heimilismanns. Upplýsingasöfnun byggir á heilsufarslyklum Gordons og hjúkrunargreiningar á NANDA flokkunarkerfinu. Hver heimilismaður á sína möppu sem inniheldur m.a. æviágrip (lífssögu) viðkomandi, eyðublöð fyrir fastar lyfjagjafir, upplýsingasöfnun hjúkrunar, hjúkrunargreiningar, tillögur um hjúkrunarmedferð, framvindunótur og skráningu sjúkraþjálfara þar sem það á við.

## Atvik/kvartanir

Atvikaskráning er á ábyrgð hjúkrunarfræðings og þau atvik sem upp koma eru skráð á þar til gerð atvikaskráningarblöð. Ekki voru skráð nein alvarleg atvik á síðasta ári.

Ekki er til skrifleg verklagsregla hvað á að gera þegar heimilinu berst kvörtun vegna þjónustu eða samskipta. Ef heimilinu berst kvörtun er það í höndum hjúkrunarforstjóra og sveitastjórnar að leysa úr þeim ágreiningi. Sé deilumálið

læknisfræðilegt tekur læknir heimilisins þátt í úrlausn málsins. Reynt er eftir fremsta megni að leysa málin á sem farsælastan hátt fyrir alla aðila.

## Öryggismál

Skrifleg rýmingaráætlun fyrir heimilið er í sérstakri möppu. Brunaviðvörðunarkerfi er á heimilinu og brunastigi er á hverjum gangi. Brunaæfingar eru haldnar einu sinni á ári þar sem starfsfólk fær upplýsingar hvernig bregðast skuli við ef eldur kemur upp á heimilinu.

Öryggisútbúnaður við umönnun er einungis notaður til að tryggja öryggi íbúa. Ekki eru til eyðublöð fyrir upplýst samþykki ef notuð eru höft eða öryggisútbúnaður en að sögn hjúkrunarforstjóra er rætt við íbúann og/ eða aðstandanda ef slíkur útbúnaður er notaður.

## RAI mat

Hjúkrunarforstjóri ber ásamt hjúkrunardeildarstjóra ábyrgð á skráningu RAI mats. Reglulega er fylgst með niðurstöðum úr RAI mati, svo sem gæðavísunum og unnin gæðaumbótaverkefni ef þess er þörf.

RAI gæðavísar eru 20 talsins og þegar gæðavísar Kirkjuhovols eru skoðaðir frá síðustu þremur matstímabilum kemur í ljós að langflestir gæðavísar eru í góðu lagi.



## Samantekt og tillögur til úrbóta

### Mönnun

Mönnun fagfólks; hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða við umönnun er ásættanleg miðað við fjölda íbúa sem dvelur í hjúkrunarrýmum.

### Flutningur íbúa á heimilið

Verklag við inntöku íbúa á heimilið er í góðu lagi.

### Þjálfun/virkni og sál gæsla

Í góðu lagi.

### Fæði og mótuneyti

Í góðu lagi.

### Húsnæði og aðstaða

Húsnæði Kirkjuhvols er almennt í góðu standi fyrir utan aðstæður í eldhúsi sem þarf að laga.

### Öryggi og eftirlit

Yfirleitt í góðu lagi. Embætti landlæknis hvetur þó til þess að gerðar verði leiðbeiningar og verklagsreglur um áhættumat og forvarnir.

### Gæðastarf

Gæðastarf í góðu lagi og vel skipulagt.

### Atvik /kvartanir

Atvik eru skráð á þar til gerð atvikaskráningarblöð.

### Sjúkraskrár

Vel skipulagðar og í góðu lagi.

### Hjúkrunarskrár

Hjúkrunarskráning, svo sem hjúkrunargreiningar, tillögur um meðferð og framvindumat er allt vel skráð og reglulega uppfært.

### RAI skráning

Í góðu lagi og reglulega er fylgst með niðurstöðum.

### Lyfjamál

Í góðu lagi. Lyfjafyrirmæli eru ávallt gefin af lækni og lyf ekki gefin án fyrirmæla. Lyfjaþjónusta Kirkjuhovols er útvistuð með samþykki Lyfjastofnunar.

### Almennt um hjúkrunarheimilið

Augljóst er að starfsfólk lætur sér annt um vellíðan og velferð íbúanna á Kirkjuhovoli. Gott félags- og tómstundastarf er á heimilinu sem er til þess fallið að bæta lífsgæði íbúa.

Embætti landlæknis þakkar fyrir góða samvinnu við gerð úttektarinnar og væntir þess að niðurstöður hennar nýtist í umbótastarfi.